



466. Stjórnarfundur haldinn 10. mars 2016 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI) og Sveinn Adolfsson (SA) á Face Time. Fjarverandi: Guðjón Axelsson (GA) og Birgir Már Bragason (BMB) .

1. Skipting stjórnar.

EH lagði til óbreytta skipan stjórnar. KG varaformaður, PMK gjaldkeri, BSS ritari og BI meðstjórnandi. Samþykkt. Varamenn eru SA, GA og BMB.

2. Fundagerðir síðust tveggja fundar.

Farið yfir og samþykkt.

3. Innkominn bréf.

Vörulisti frá JAKO.

Bréf frá UMFÍ v/umsóknar um 29. Unglingalandsmót 2019.

Tölvupóstur frá UMFÍ. Verið er að minna á umsóknarfrest í fræðslu- og verkefnasjóð. Áframsent á deildir félagsins.

Bréf frá UMFÍ v/framkvæmdastjórafundar 11. mars 2016 í þjónustumiðstöð UMFÍ. EH mætir.

Bréf frá Landsbankanum v/eignastýringar og breytingum á skilmálum. *Móttakið.*

4. Send bréf.

Engin.

5. Aðalfundur Keflavíkur 2016.

Farið yfir aðalfundinn. Þeir aðilar sem voru heiðraðir voru ekki viðstaddir. EH og KG fór á heimili Ragnars Arnars og EH sámdi Ragnar Örn Gull-heiðursmerki Keflavíkur. Á eftir að veita Ellerti Eiríkssyni sitt merki.

6. Umhverfisdagur Keflavíkur.

Ákveðið að umhverfisdagurinn yrði 26. apríl kl. 17:00 – 18:30.

7. Keflavíkurdagur.

Ákveðið að skipa nefnd sem kemur til með að skoða með hvaða hætti Keflavíkurdagurinn verður og á hvaða tíma hann er haldinn. Fulltrúar aðalstjórnar eru BMB og BS. *Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir fulltrúa frá deildum.*

8. Afrekssjóður.

Umræður um afrekssjóð var á síðasta stjórnarfundum. *Ákveðið var að skipa nefnd sem kannar málið og leggur fram skýrslu til aðalstjórnar. Tillaga um BSS, PMK og BI. Samþykkt. Framkvæmdastjóra falið að fá umsagnir frá öðrum félögum með hvaða hætti þetta væri hjá þeim.*

9. Fundartími aðalstjórnar.

Ákveðið að stjórnarfundir aðalstjórnar verði annan hvern þriðjudag kl.18:00.

10. Önnur mál.

Ákveðið að skipa Guðjón Axelsson fulltrúa aðalstjórnar í unglíngalandsmótsnefnd.

Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir fulltrúa frá deildum.

EH sagði frá því að skyndihjálparnámskeið var haldið 9. mars og var vel sótt. Tuttugu og fimm einstaklingar sátu námskeiðið. Næsta námskeið verður 29. mars.

Námskeið í Nóra verður 15. mars.

Formanna- og gjaldkerafundur verður í framhaldi af stjórnarfundum.

EH sat íbúáþing um nýja menntastefnu Reykjanesbæjar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:45

Næsti stjórnarfundur boðaður

Fundinn ritaði BS.

